

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 91/2006**

**frá 7. júlí 2006**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005 frá 30. september 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/81/EB frá 28. nóvember 2005 um breytingu á tilskipun 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE):  
„– **32005 L 0081**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/81/EB frá 28. nóvember 2005 (Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 47).“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 1g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002):

**„Þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu**

- 1h. **32005 D 0842**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 47.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

- a) Í stað hugtaksins „framkvæmdastjórnin“ komi hugtakið „lögbært samkeppnisyfirvald í skilningi 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Í stað orðanna „sameiginlega markaðnum“ komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- c) Í stað hugtaksins „aðildarríki“ komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- d) Í stað orðanna „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ í 1. gr. komi „3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.
- e) Í stað orðanna „2. mgr. 86. gr. sáttmálans“ í 2. gr. komi „2. mgr. 59. gr. EES-samningsins“.
- f) Í stað orðanna „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ í 3. gr. komi orðin „3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/81/EB og ákvörðunar 2005/842/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.